

Sp. 536. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um landvörn við Markarfljót.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Steinþór Getsson, Jón Helgason,
Eggert Haukdal, Garðar Sigurðsson, Magnús H. Magnússon,
Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, með hvaða hætti sé hagkvæmast að koma í veg fyrir áframhaldandi landbrot Markarfljóts sunnan varnargarða beggja vegna fljótsins, en þó sérstaklega á vesturbakka þess, frá Dalseli til sjávar, þar sem nú eru einnig í stórhættu vatns- og rafmagnsveitur Vestmanneyinga, ásamt öðrum veitumannvirkjum.

Greinargerð.

Allt frá því að varnargarðar og brú á Markarfljóti voru gerð hefur fljótið brotið land beggja vegna árinna neðan brúar.

Ágangur hefur verið það mikill að gera hefur þurft varnargarða að austan svo til samfellt niður með grónu landi að Seljanesmúla, en þaðan var byggður tæplega 3 m langur varnargarður til að varna því að fljótið rynni til austurs yfir gróin lönd undir Eyjafjöllum.

Að vestan hefur einnig þurft að byggja varnargarða til að varna því að fljótið eða kvíslar úr því brytu sér farveg til vesturs um Landeyjar. Þessir garðar (Fauskagarðar) ná nú um 4.5 km niður fyrir brú.

Neðan við þessa garða hefur Markarfljót brotið mikið land og þá einkum á vesturbakkanum.

Austan Dalsels hefur fljótið brotið um 800 m breiða spildu af grónu landi og um 1200 m breiða spildu af grónu landi austan Brúna og Tjarna, ef miðað er við kort, sem gerð voru sumarið 1929, og loftmyndir, sem teknar voru sumarið 1976.

Mjög erfitt er að áætla með nokkurri nákvæmni hve mikið af grónu landi hefur horfið vegna þessa vatnságangs, en lauslegir útreikningar sýna að þetta er sennilega á bilinu 300—400 ha.

Á síðustu árum hefur fljótið brotið mjög af landi niður undir sjó, og sýna þær mælingar, sem framkvæmdar hafa verið síðan um mitt sumar 1978, að á kafla, sem er 0,4—0,8 km ofan við ströndina, hefur landbrot verið um 5—6 m á mánuði að meðaltali á þeim 4 árum, sem mælingar hafa verið gerðar.

Vatnsveita Vestmannaeyja liggur þarna tæpa 2 km vestan við bakka Markarfljóts, og ef landbrot heldur áfram með sama hraða má reikna með að fljótið nái vatnsleiðslunni á fyrsta tug næstu aldar, en mesta hættan liggur í því, að fljótið leggist með fullum krafti á vesturbakkann, og þá má búast við að landbrotið verði mun hraðar en nú er.

Samkvæmt langtímaáætlun í vegagerð er reiknað með að ný brú verði byggð á Markarfljót á 2. tímabili áætlunar eða einhvern tíma á árunum 1986—90.

Sú brú verður um 5 km neðan við núverandi brú, en þaðan eru um 10 km niður að sjó.

Á austurbakka á eftir að verja 7 km, en á vesturbakkanum þarf að verja alla leið frá væntanlegri brú og niður að sjó.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er fyrst og fremst sá að vekja athygli á máli sem ekki þolir langa bið, þar sem mjög veruleg hættu er á að Markarfljót geti valdið enn þá meiri skemmdum en orðið er, sé ekki brugðið fljótt við.

